

Vesturlandsfumðæmi.

S T A R F S S KÝRSLA.

1955.

Daniel Kristjánsson,  
skógarvörður.

## STARFSSKÝRSLA

### SKÚGARVARÐARINS Á VESTURLANDI 1955.

#### 1. Girðingar:

Engar girðingarframkvæmdir voru á árinu, en reynt var að bæta úr ágöllum eldri girðinga.

Búðahraunsgirðing er með öllu ónothæf, og eru bændur í Breiðuvík mjög óánægðir yfir því tjóni er þeir líða, bæði vegna erfiðleika á að smala girðinguna, og tjóns er þeir verða fyrir á sauðfé er verður fast í girðingunni.

Fyrir næsta vor verður ekki umflúið að gera ráðstafanir til að heimila bændum á Breiðuvík að fjarlægja Búðahraunsgirðingu.

Girðingin um Sauðhússkóg er ónothæf, þrátt fyrir árlegar smáviðgerðir. Í vor verður ekki umflúið að gera ráðstafanir um úrbætur.

Yfirleitt eru elstu girðingarnar, sem girtar voru úr gaddavír, ekki fjárheldar, og árlegar viðgerðir duga ekki. Það verður að girða pessar girðingar að nýju, og þá með neti.

Margir einstaklingar og félög settu upp skógræktargirðingar á árinu.

#### Gróðursetning:

A vegum skógræktarinnar voru gróðursettar plöntur á s. l. vori er hér greinir:

Stálpastastaðir:	skógarfura 3/o Hamarøy	skógarfura 2/2 Hamarøy	lerki sitkagreni Tumastaðir	
	1000	1000	700	600
Hvammur:	sitkagreni Tumastaðir	lerki	sitkagreni	rauðgreni
	1000	1000	1000	2000
Jafnaskarð:	skógarfura 3/o Troms	lerki	sitkagreni	rauðgreni Trysil
	5600	1500	1325	2800
Munaðarnes:	skógarfura	rauðgreni	sitkagreni	
	800	225	75	

Samtals hefur verið plantað í ofangreindar girðingar 19.625 plöntum, og er það alltof lítið.

Auk þess er að ofan greinir hefur fjöldi einstaklinga og félaga gróðursett allmikið og er Kaupfélag Borgfirðinga lang hæst með 42.000 plöntur.

Iðnaðarmannafélag Borgarness annaðist á sinn kostnað alla gróðursetningu í Munaðarnesgirðingu.

Af einstaklingum voru þeir Hermann Jónasson og Friðrik Þorsteins  
son, eigandi Jafnaskarðs, og Kristleifur Þorsteinsson, Húsafelli  
langhæstir með gróðursetningu.

Græðireitur:

Úr honum voru afhentar plöntur er hér greinir:

Norðtunguskóður	6000	furur	3/0	v
Jafnaskarðsskóður	5600	-	3/0	
Ymsir staðir	<u>3400</u>	-	<u>3/0</u>	

Samtals 15000

Jafnaskarðsskóður 300 lerki 2/2

Ymsir staðir 2000 birki 3/0

Sáð var rauðgrenifræi í 20 m<sup>2</sup> og skógarfurufraei í 20 m<sup>2</sup>

Sennilega fást lo til 15 þúsund skógarfurur næsta vor 4/0,  
ekki stórar, en allvel þroskaðar þó.

Pessum reit hefur lítill sómi verið sýndur.

Skógarhögg:

All mikið var grisjað í Jafnaskarðsskógi, Stálpastöðum og Hvammi í Skorradal. Það er mjög tímafrekt verk, því skógurinn er víða péttur og vont að koma því, sem fellur á þá staði, þar sem ekki er tjón að vegna útplöntunar. Í sumar varð að fara yfir eldri grisjun og höggva frá barrplöntum og verður framvegis allmikil vinna við það.

Laufgun, fræfall:

Skóður laufgaðist um 25. maí, og lauffall varð frá 15. sept. Það mátti heita að skóður væri skrúðgrænn til 15. sept. en féll þá á fáum dögum, olli því hið óvenjulega tíðarfari. Fræár var í meðallagi.

Tíðarfari og vöxtur skógar:

Vetur frá áramótum var burrviðrasamur og miklar frosthörkur. Talsverður snjór til dala og í fjöllum, en snjólétt á láglendi. Í apríl brá til sunnanáttar og hlýnaði mikið. Um 20. apríl sást litur á túnum og skóðurinn var að því kominn að springa út.

Um mánaðamót apríl og maí gerði norðanáhlaup með allt að 12 stiga frosti í innsveitum og hríðarkófi. Hélst kuldatíð til 20. maí, þá brá til sunnanáttar og hlýnaði. Góð sprettutíð og sólskin til 20. júní, en þá brá til kulda og úrkomu og snjóðaði oft í fjöll í júlí mánuði.

I júlí, ágúst og til 11. sept. máttu heita látlausar stórrigningar á Vesturlandi og marga daga sást aldrei til sólar.

11. sept. stytti upp, og var hausttíð áfallalaus og mjög góð til 4. des. Gerði þá snjó og allhörfrost, og hélst til áramóta.

Vöxtur á barrplöntum var í lakara lagi, en birki óx betur. Marga daga drúptu barrplöntur sökum sólarleysis, og voru fölar ásýndum.

Ferðalög og störf:

Ég var 220 daga fjarverandi í erindum skógræktarinnar. Mestur tími fór í vinnu á Stálpastöðum og í Norðtunguskógi.

Auk þess skrifaði ég mörg bréf, mætti á fundum og flutti erindi, svaraði fyrirspurnum, leiðbeindi með gróðursetningu, valdi girðingarstæði og margt fleira í sambandi við skógrækt.

Pá hafði ég á hendi framkvæmdastjórn og reikningshald fyrir Skógræktarfélag Borgfirðinga, ennfremur alla framkvæmd við gróðursetningu fyrir Kaupfélag Borgfirðinga í Norðtunguskógi. Systkina-reitinn í Reykholti o. fl.

Helstu ferðalög voru þessi:

17.- 18. apríl mætti ég á aðalfundi Skógræktarfélagsins í Stykkishólmi og fór upp í Sauraskóg, en þar eru framkvæmdir og árangur í bezta lagi. Sýndi einnig kvíkmynd í Stykkishólmi.

27. maí fór ég vestur að Höfsstöðum í Miklaholtshreppi og valdi land til skógræktar fyrir Skógræktarfélag Heiðsynninga.

11. júní fór ég að Dönustöðum í Dalasýslu með plöntur til gróðursetningar.

19. júní fór ég vestur í Dalasýslu í erindum skógræktarinnar.

4. júlí fór ég vestur í Sauraskóg og létt gróðursetja þar.

7. júlí fór ég að Dönustöðum í Dalasýslu.

8. og 9. júlí fór ég um Strandasýslu og leiðbeindi þar. Mér virðist furðu góður árangur í skógrækt á þessum slóðum.

27. júlí fór ég í Jörfa - og Snorrastaðagirðingu .

Auk þess, er að ofan greinir hef ég farið til Reykjavíkur og setið þar fundi, var á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Pingvöllum.

Pá hef ég farið fjölda margar eftirlitsferðir um Borgarfjörð.

Plöntufæð, og oft lélegar plöntur eru erfiðustu viðfangsefnin hjá mér, auk þess sem varzla nokkurra girðinga reynizt erfið.

Fólkis óskar eftir auknum leiðbeiningum og telur það skyldu skógarvarðar að gegna kalli til þeirra hluta.

p. t. Reykjavík 28. jan. 1956

Daniel Kristjánsson ( sign)  
skógarvörður á Vesturlandi.